

Skrá „E“.

5

26. jan.

Vefnaðarvörur af öllu tagi.
Fiskinet og netagarn.
Skófatnaður.
Leður.
Nýir og þurrkaðir ávextir.
Ávaxtamauk og ávaxtasafi.

Vín og vínandi.
Superfosfat.
Kalí.
Salt.
Byggingarefni og tilheyrandi.
Ýmislegt.

Skrá „I“.

Saltfiskur (þurrkaður eða upp úr salti). Aðrar fiskafurðir.
Hestar. Ýmislegt.
Þorskalýsi, (meðala- og iðnaðarlýsi).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 26. janúar 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

L Ö G

6

31. jan.

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr
ríkissjóði á árinu 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. marz 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.